



9. fundur stjórnar L.H. haldinn þriðjudaginn 13. okt. 1992 í Bændahöllinni við Hagatorg.

Mætt voru: Jón Bergsson, Guðm. Jónsson, Kári Arnórsson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Ágúst Oddsson, Ingimar Ingimarsson, Sigurður Þórhallsson, Elísabet Þóroldsdóttir, Sigbjörn Björnsson og Kristmundur Halldórsson.

1. **Áfram hugað að undirbúningi fyrir væntanlegt ársþing.**

Komið er á daginn að dagskrá þingsins er að verða all nokkuð ásetin og ljóst að þingsetning verður að vera kl. 10:00 en ekki kl. 10:30 eins og áður var áætlað.

2. **Fundur um samruna HÍS og L.H.**

Fundur var haldinn með formanni HÍS um samruna HÍS og L.H. Niðurstaða þess fundar var sú, að ekki væri ástæða til að gera neitt í þeim málum að svo komnu. Til skoðunar og umræðu á þessum fundi var einnig sameiginlegt skrifstofuhald og þjónusta við hestamenn og hvert framhald yrði í þeim málum m.a. húsnæðismálum, en einhver áhugi virðist vera hjá HÍS mönnum fyrir því að flytja sína starfsemi inn í Laugardal.

Áriðandi er að línur skýrist í þessu máli þar eð starfsmannahald L.H. miðast við að þjónusta bæði þessi sambönd. Einnig kom fram að HÍS skuldar L.H. rúmar fimmhundrað þúsund krónur um þessa mundir, vegna þessarar sameiginlegu starfsemi.

3. **Vinnuhópur um framtíð Hestsins okkar komst að eftirfarandi niðurstöðu:**

Fella beri niður 10. gr. er kveður á um útgáfuskyldu L.H. á blaðinu og verði útgáfurétturinn seldur eða á einhvern hátt ráðstafað. Til greina kæmi að L.H. héldi eftir nafninu "Hesturinn okkar" þótt enginn yrði útgáfan.

Ákveðið var að leggja til við landsþing að fella niður áðurgreinda grein í lögum um útgáfuskyldu á blaðinu "Hesturinn okkar".

4. **Borist hafa tilmæli frá Jóni Bjarnasyni skólastjóra Hólaskóla í þá veru að skólanum yrði opnuð leið til þess að tefla hrossum skólans fram í gæðingakeppni, en mál þetta hefur áður komið upp á stjórnarfundi ekki alls fyrir löngu. Kári gerði grein fyrir þessu máli og þeim rökum er Hólamenn færa fram máli sínu til stuðnings. Einnig gat Kári þess að hann hefði rætt við Pál Dagbjartsson formann hestamannafélagsins Stíganda í Skagafirði. Kári las upp og skýrði tillögu er hann hafði sett saman varðandi þetta mál, svohljóðandi:**

Breyting á reglugerð um gæðingakeppni.

Inn í 1. gr. komi ný setning eftir orðunum... í reglum þessum. " Heimilt er hrossi í eigu hrossabús að taka þátt í gæðingakeppni enda sé eigandi eða forráðamaður búsins félagsmaður í L.H."

Samþykkt var að leggja þetta til við ársþing.

5. **Samþykkt** var að leggja til að skipa 5 manna nefnd sem fari með málefni barna og unglunga og nefnist hún unglinganefnd.
6. **Samþykkt** var að leggja til að skipa 3ja manna millipinganefnd sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun mála varðandi lyfjaeftirlit vegna keppnishrossa og vera ráðgefandi um framkvæmd.
7. Farið var yfir þær tillögur er borist höfðu og þeim vísað til nefnda.
8. **Í kjörbréfanefnd** voru tilnefndir, Kristmundur Halldórsson sem formaður, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir og Birgir Rafn Gunnarsson.

Eftirfarandi tillögur um formenn nefnda voru samþykktar:

Formaður kynbótanefndar:	Ingimar Sveinsson.
Formaður allsherjarnefndar:	Marteinn Valdimarsson
Formaður mótanefndar:	Gísli Rúnar Sveinsson.
Formaður ferða-og umhverfisn.:	Hallgrímur Jónasson.
Formaður fjárhagsnefndar:	Kristján Auðunsson.
Formaður laganeftndar:	Stefán Haraldsson.
Formaður gæðinga-unglinga- og keppnisnefndar:	Ármann Gunnarsson
Formaður fræðslu- og útgáfun.:	Haraldur Þórarinsson.

Ákveðið var að tilnefna Þorvald Ágústsson sem yfirritara þingsins.

9. **Næsti stjórnarfundur** og jafnframt sá síðasti á starfsárinu var ákveðinn austur á Flúðum fimmtudagskvöldið 29. okt. kl. 21:00.
10. **Önnur mál.** Rætt var um fallna félaga, heiðursfélaga og væntanlega gesti.

Um þinghald annað hvert ár.

Sigurður framkvæmdastjóri greindi frá álitum félaganna í þessu máli, 34 félög hafa nú skilað inn álitum, 26 vilja þinghald annað hvert ár og eru þau með 59 fulltrúa og á bak við þá eru 3.573 félagar. 7 félög, af þeim sem skilað hafa álitum, vilja þinghald hvert ár og eru þau með 29 fulltrúa og 1.995 félagar á bak við sig.

Enn hafa nokkur félög ekki skilað inn álitum og torveldar það ákvarðanatöku í þessu máli.

Miðað við þau svör sem borist hafa þá eru 2/3 fylgjandi þinghaldi annað hvert ár sem duga myndi til lagabreytinga ef eftir gengi. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja var ákveðið að endurflytja tillögu um þinghald annað hvert ár og jafnframt að viðhafa nafnakall við atkvæðagreiðslu. Ákveðið var að Kári og Guðmundur gengju frá nefndri tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.

Ingimar Ingimarsson
Jón Bergsson
Sigfús Guðmundsson
Sigbjörn Björnsson
Guðm. Jónsson.

Halldór Gunnarsson
Ágúst Oddsson
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir
Kristmundur Halldórsson